

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	5/12/2017
Málsnr:	1712050
Hafnarfjarðar og 720	

Sent á Bæjarstjóra Hafnarfjarðar, Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar og framkvæmdastjóra Strætó BS.

Dags. 28.11.2017

Efni: Ónæði vegna tímajöfnunarstöðvar Strætó BS við Klukkuvelli

Ágætu viðtakendur.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað við Klukkuvelli undanfarin ár sem hefur gert það að verkum að tímajöfnunarstöð Strætó BS er nú staðsett þannig að hún er í miðju íbúahverfi sem veldur miklu ónæði fyrir alla íbúa og sér í lagi þá sem búa næst stöðinni. Aðeins örfáir metrar skilja stöðina frá næstu húsum sem hefur í för með sér algjörlega ósættanlega truflun á heimilisfrið íbúa í formi hávaða frá vélum vagnanna sem og loftmengun sem er mikil frá þeim. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir íbúa til bæði forsvarsmanna Strætó, sem og vagnstjóra, er ekki drepið á vélum vagnanna nema í fáum tilvikum þrátt fyrir að þeim sé uppálagt að drepa á vélunum á meðan þeir eru kyrrstæðir. Margir sýna þessu skilning en aðrir ekki og sumir vagnstjórar standa fyrir utan vagnana með vélarnar í gangi og reykja með tilheyrandi sóðaskap þegar þeir henda sigarettustubbunum á gangstéttina, eða bregða sér í þjónustugám/kaffiskúr (mikið óprýði af honum) á meðan vagninn er í gangi.

Þetta gefur augaleið að þetta veldur óbærilegri truflun frá því kl. 6:30 á morgnana til kl 01:00 að nóttu alla daga ársins og truflar að sjálfsögðu svenfrið okkar að verulegu leyti. Ekki er beint ákjósanlegt að vera úti á sólpalli þessa fáu sólardaga sem gefast vegna hávaða í reykspúandi díselvélum alveg upp við pallana.

Það er einnig vert að minnast á umferðaröngþveiti sem oft skapast þegar tveir og jafnvel þrír vagnar eru að athafna sig þegar ferðir eru tíðar á morgnana og flestir íbúar eru að koma sér af stað til vinnu, ekki síst foreldrar sem eru að fara með börn sín á leikskólann Hamravelli beint á móti. Þetta skapar óþarfa hættu fyrir alla sem eiga leið hjá og veldur töfum og tilheyrandi óþægindum í ofanálag.

Við vænumst þess að þetta bréf fái faglega og sanngjarna umfjöllun innan stjórkerfis Hafnarfjarðarbæjar og Strætó BS og að ásættanleg niðurstaða fyrir íbúa Klukkuvalla fáist. Krafa

íbúa er þó skýr, við förum fram á að stöðin verði færð sem allra fyrst. Við teljum þetta algjörlega óviðunandi ástand og ekki þola neina bið og því leitum við til ykkar í von um skilning og að tekið verði á málinu með viðeigandi hætti. Nauðsynlegt er að finna þessari tímajöfnunarstöð stað fyrir utan íbúabyggð og lágmarka allt ónæði sem hlýst af henni.

Ef þess sé óskað getum við sent myndbönd með sem sýnir vel okkar raunveruleika daglega allan daginn og langt fram eftir kvöldi, máli okkar til stuðnings.

Virðingarfyllst,

F.h. íbúa við Klukkuvelli 10, 24, 26, 26b, 28, 30, 32, 34, 40.

Brynjardóttir 38b.

Torfi Karl Karlsson 38a.

Svar óskast sent á Klukkuvelli 38a og 38b og netföngin torfikk@gmail.com, og brynjar15@gmail.com